

Fagráð í hrossarækt

115. fundur

Staður og stund: Teams fundur, föstudaginn 29. desember 2023. Kl. 11:00

Mætt: Nanna Jónsdóttir, formaður, Kristbjörg Eyvindsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Mette Mannseth, Sveinn Ragnarsson, Erlendur Árnason og Birna Tryggvadóttir Thorlacius, Fjarverandi: Elsa Albertsdóttir

1. Fundarsetning

Formaður fagráðs setti fundinn og bauð fólk velkomið.

Elsa ábyrgðarmaður hrossaræktar hjá Ráðgjafarmiðstöð Landbúnaðarins hefur sagt starfi sínu lausu. Fagráð þakkar Elsu fyrir samstarfið og óskar henni velfarnaðar í framtíðinni.

Þá vill fagráð óska Sveini Ragnarssyni til hamingju með að hafa hlotið framgang í prófessor í hestafræðum við Háskólann á Hólum. Sveinn náði þessum merka áfanga fyrr á árinu og er fyrstur manna til að verða prófessor í hestafræðum á Íslandi.

2. Stofnverndarsjóður

Samkvæmt upplýsingum frá Bændasamtökum Íslands er úthlutunarfé Stofnverndarsjóðs árið 2023 alls 7.350.000 kr. Í ágúst var úthlutað 3.010.000 og er því eftir til seinni úthlutunar á árinu 4.340.000 kr.

Þrjár umsóknir bárust vegna desemberúthlutunar:

1. Exploring the genetic regulation of ability and quality of gaits in Icelandic horses. Lokahluti doktorsverkefnis er miðar að því að auka þekkingu á erfðafræðilegum grunni gangtegunda íslenska hestsins.

Umsækjandi: Heiðrún Sigurðardóttir

Markmið verkefnisins er að veita innsýn í erfðafræðilegan grunn gangtegunda íslenska hestsins; hvaða þættir ráða eða hafa áhrif á ganghæfni og gæði gangtegundanna? Slík þekking er einkar gagnleg fyrir úrvalsákvæðanir ræktenda. Í dag erum við einungis á byrjunarreit þegar kemur að því að greina erfðafræðilegan grunn magnbundinna eiginleika. Á sama tíma er ekkert hestakyn í heiminum sem býr yfir jafn umfangsmiklum og nákvæmum svipfarsmælingum og íslenski hesturinn. Þar gefst því stórkostlegt tækifæri til að hefjast handa við að vinda ofan af leyndardómum erfðamengis íslenska hestsins á markvissan hátt. Við viljum nýta gagnasafn svipfarsmælinganna til að kortleggja erfðamengi íslenska hestsins með þremur vandlega hönnuðum rannsóknum sem munu sameina nýjustu erfðatækni og þekkingu á ganghæfni íslenskra hrossa.

Sótt um: 2.500.000 kr.

Samþykkt: 2.500.000 kr.

2. Framþróun erfðagreininga í þágu íslenska hestakynsins

Umsækjandi: Matís OHF, verkefnisstjóri: Sæmundur Sveinsson

Íslenska hestakynið er einstök erfðaauðlind á heimsvísu. Hrossarækt er umfangsmikil atvinnugrein hér á landi sem skapar mikil verðmæti fyrir íslenskt þjóðarbú. Kynbótum í búfjártegundum hefur fleygt fram á undanförunum áratugi með innleiðingu erfðamengisúrvals. Erfðamengisúrval byggir á greiningum á þúsundum erfðamarka sem notuð eru til að reikna út kynbótagildi einstaklinga stuttu eftir fæðingu. Markmið þessa verkefnis er að kanna hagnýtingargildi svokallaðra genaflögu við kynbætur á íslenskum hrossum. Misgömul sýni úr sýnasafni sem varðveitt er á Matís verða greint í bland við ný sýni. Það er gert til þess að sjá hvort erfðaeftni, sem safnað hefur verið með stroksýnum, henti til greininga á genaflögum og hversu vel það geymist. Að lokum verður kannað hvort erfðamörk, sem gætu gagnast í íslenskri hrossarækt, séu greind á genaflögunni. Dæmi um þetta eru litagen, þekktir erfðagallar og erfðamörk sem tengjast verðmætum eiginleikum í kynbótum.

Sótt um: 4.000.000 kr.

Samþykkt 1.840.000 kr.

3. Steinefnastaða Íslenskra hrossa í þjálfun

Umsækjandi: Steindóra Ólöf Haraldsdóttir

Samanburðarrannsókn á steinefnastaðu íslenskra hrossa í þjálfun. Teknar verða blóðprufur í hesthúsinu á Mið-Fossum þar sem ekki eru gefin auka steinefni með gróffóðrinu nema eigandi þeirri kjósi að gefa slíkt sjálfur á eigin kostnað. Fáir hestur viðbótarfóður verður það skráð sérstaklega. Ásamt því að teknar verða blóðprufur í nemendahesthúsinu á Hólum í Hjaltadal þar sem öllum kennsluhestum eru gefin steinefni aukalega með fóðrinu. Blóðsýnin verða send til greiningar hjá LABOKLIN í Þýskalandi. Niðurstöður steinefnamælinga á fosfati, kalsíum, magnesíum, kalíum, natríum, járn, sinki, kopar og seleni verða bornar saman milli þessara hópa og kannað hvort marktækur munur sé á milli hópanna.

Sótt um: 751.000 kr.

Umsókn hafnað.

Þá hafði borist framvinduskýrsla vegna verkefnisins: Sameinað kynbótamat fyrir kynbótadóma og keppnisgögn, ábyrgðarmaður Dr. Þorvaldur Árnason.

Fagráð þakkar afar greinargóða framvinduskýrslu og staðfestir móttöku hennar. Fagráð mun leita eftir því að fá nánari kynningu á skýrslunni hjá Þorvaldi og samstarfsfólki á Teams-fundi við fyrstu hentugleika.

3. Sýningaráætlun 2024

Lögð fram drög að sýningaráætlun næsta árs til skoðunar og athugasemda.

Vorsýningar:

27. maí -31. maí	Rangárbakkar I
3. júní -7. júní	Víðidalur
3. júní -7. júní	Rangárbakkar II
3. júní -7. júní	Hólar I
10. júní til 14. júní	Selfoss I
10. júní til 14. júní	Rangárbakkar III
10. júní til 14. júní	Sprettur I
10. júní til 14. júní	Hólar II
18. júní til 21. júní	Selfoss II
18. júní til 21. júní	Rangárbakkar IV
18. júní til 21. júní	Hólar III
18. júní til 21. júní	Sprettur II

1. júlí -7. júlí LM Víðidal

Miðsumarssýningar:

22. júlí -26. júlí	Rangárbakkar
22. júlí -26. júlí	Hólar
22. júlí -26. júlí	Stekkhólmi

Síðsumarssýningar:

12. til 16. ágúst	Rangárbakkar I
12. til 16. ágúst	Hólar
19. til 23. ágúst	Rangárbakkar II

Fagráð bendir á að síðsumarssýning II á Rangárbökkum skarast á við Íslandsmót, að öðru leiti gerir fagráð ekki athugasemd við fyrirbyggjandi áætlun.

4. Önnur mál

Friðrik Már Sigurðsson fagstjóri búfjárræktar- og þjónustusviðs hjá Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins kom inn á fundinn undir þessum dagskrárlið. Hann kynnti stöðu mála varðandi starf ræktunarleiðtoga í hrossarækt og greindi frá því að til standi að endurmeta starfið og greina hvaða hæfni, þekkingu og færni RML telur þurfa að uppfylla

til að sinna þeim verkþáttum sem starfinu hafa fylgt. Hluti af stefnu RML er að greina stöðuna og tækifærin þannig að þjónusta megi hrossaræktina með framúrskarandi hætti. Þau verkefni sem nú liggja fyrir eru leyst innanhúss á ábyrgð fagstjóra og gengur hann í störf ræktunarleiðtoga hrossaræktar þar til frekari ákvarðanir hafa verið teknar með starfið og hvernig það verður mannað til framtíðar.

Fagrað leggur mikið upp úr því að málið verði unni hratt og örugglega og í samstarfi við greinina, það er stórt ár framundan og mikilvæg verkefni liggja fyrir.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 14:15

Við þennann: Nanna Jónsdóttir